

# PERSÓNUVERNDARSTEFNA GERPLU

## 1. Almenn

Íþróttafélagið Gerpla, kt. 700672-0429, Versölum 3, 201 Kópavogi (hér eftir „Gerpla“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika og öryggi persónuupplýsinga sem Gerpla meðhöndlar í starfsemi sinni, í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd. Gerpla ber ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga í starfseminni ýmist sem ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili.

## 2. Um hverja safnar Gerpla persónuupplýsingum?

Meginreglur persónuréttar fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar og að unnið sé með þær samkvæmt skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi. Einnig að hófsemi sé gætt við skráningu persónuupplýsinga. Gerpla leggur áherslu á að meginreglur persónuréttar séu virtar og hafðar í huga þegar persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar. Til þess að tryggja það veitir Gerpla starfsfólki sínu reglulega fræðslu og þjálfun á því sviði.

Starfsemi Gerplu er þess eðlis að það er óhjákvæmilegt að persónuupplýsingum sé safnað um mismunandi hópa einstaklinga. Sem dæmi um hópa einstaklinga sem Gerpla safnar persónuupplýsingum um eru: starfsmenn og starfsumsækjendur; iðkendur og forráðamenn þeirra; styrkþegar ýmissa styrkja sem Gerpla veitir eða á milligöngu um; þátttakendur á námskeiðum á vegum Gerplu.

## 3. Hvaða persónuupplýsingum er safnað?

Gerpla meðhöndlar meðal annars eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga í starfsemi sinni:

- upplýsingar tengdar ráðningarsambandi starfsmanna, meðal annars upplýsingar í ráðningarsamningi, upplýsingar vegna námskeiða, upplýsingar tengdar launaákvörðunum og greiðslu launa, m.a. heilsufarsupplýsingar tengdar orlofi og upplýsingar um stéttarfélagsaðild;
- upplýsingar um iðkendur, svo sem keppnisárangur, heilsufarsupplýsingar vegna meiðsla eða veikinda, fjárhagsupplýsingar vegna styrkja;
- upplýsingar sem fram koma í starfsumsóknunum;
- ljósmyndir af iðkendum, keppendum og gestum á viðburðum Gerplu;
- myndbandsupptökur úr öryggismyndavélakerfi í húsakynnum Gerplu.

Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eru gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinganna.

## 4. Á hvaða grundvelli safnar Gerpla persónuupplýsingum?

Gerpla vinnur persónuupplýsingar í þágu starfsemi sinnar. Nauðsynlegt getur verið að fá upplýsingar frá iðkendum, forráðamönnum, starfsfólki og öðrum sem koma að starfseminni svo sinna megi hlutverki Gerplu af kostgæfni.

## 5. Varðveislutími

Margar þeirra upplýsinga sem safnað er í starfsemi Gerplu eru geymdar ótímabundið enda hafa þær sögulegt gildi fyrir sögu Gerplu, svo sem myndir og upplýsingar um úrslit móta o.þ.h.

Gögn sem ekki falla undir slíkar upplýsingar eru einungis geymd í þann tíma sem nauðsynlegt er vegna tilgangs vinnslunnar sem um ræðir eða samkvæmt ákvæðum laga. Til dæmis eru gögn sem verða til

við rafræna vöktun aldrei geymd lengur en í 90 daga. Gögn sem varða starfsfólk eru ekki geymd lengur en í 12 mánuði eftir að viðkomandi lætur af störfum hjá félaginu. Gögn er varða iðkendur eru ekki geymd lengur en í 24 mánuði eftir að iðkandi hættir í félaginu. Starfsumsóknir sem berast félaginu og leiða ekki til ráðningar eru ekki geymdar lengur en í einn mánuð frá því að ljóst varð að af ráðningu yrði ekki. Félaginu kann þó að vera skylt að varðveita persónuupplýsingar lengur á grundvelli lagaskyldu, að beiðni yfirvalda eða vegna ágreinings.

## **6. Öryggi persónuupplýsinga**

Gerpla leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar og tekur í því samhengi tillit til eðlis upplýsinganna sem um ræðir og umfangs. Félagið hefur sett sér verkferla til að tryggja öryggi persónuupplýsinga og sett á laggirnar sérstakt ferli sem snertir eyðingu persónuupplýsinga. Verði öryggisbrestur sem hefur í för með sér áhættu fyrir einstaklinga mun Gerpla tilkynna slíkt án ótilhlýðilegrar tafar til Persónuverndar og til viðkomandi einstaklinga ef við á. Gerpla hefur komið sér upp verkferlum til að bregðast fljótt við slíkum aðstæðum.

## **7. Miðlun persónuupplýsinga og notkun vinnsluáðila**

Gerpla kann að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila vegna ýmissa ástæðna. Um þjónustuaðila getur verið að ræða, eins og upplýsingatækni- eða öryggisfyrirtæki, sem hefur aðgang að persónuupplýsingum sem Gerpla ber ábyrgð á í tengslum við veitingu þjónustu. Skal Gerpla þá tryggja að aðeins sé veittur aðgangur að persónuupplýsingum sem nauðsynlegt er vegna verksins og að um ábyrga vinnsluáðila sé að ræða sem tryggja öryggi upplýsinganna og virða reglur persónuverndar. Gerplu kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila, eins og stjórnvöldum, upplýsingar sem tengjar starfi félagsins.

## **8. Réttindi skráðra einstaklinga**

Einstaklingar eiga rétt á því að vita hvaða persónuupplýsingar Gerpla vinnur um þá og geta beint fyrirspurn um það til framkvæmdastjóra Gerplu. Í ákveðnum tilvikum eiga einstaklingar meðal annars rétt á að: óska eftir aðgangi að og afriti af persónuupplýsingum, að persónuupplýsingar séu leiðréttar og/eða að þeim sé eytt; að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga og takmarka; og að draga til baka samþykki fyrir vinnslu. Réttindi skráðra einstaklinga kunna að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða. Gerpla mun verða við öllum beiðnum einstaklinga innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Gerpla mun krefjast auðkenningar áður en erindi eru afgreidd til að koma í veg fyrir að upplýsingar berist í hendur óviðkomandi aðila.

## **9. Fyrirspurnir og kvartanir til Persónuverndar**

Öllum fyrirspurnum í tengslum við persónuvernd hjá Gerplu eða persónuverndarstefnu þessa skal beint til framkvæmdastjóra félagsins. Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu Gerplu á persónuupplýsingum og afgreiðslu erinda er hægt að kvarta til Persónuverndar og má finna upplýsingar um slíkt ferli inn á heimasíðu Persónuverndar: [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

## **10. Breytingar á persónuverndarstefnunni**

Persónuverndarstefna þessi er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu Gerplu, [www.gerpla.is](http://www.gerpla.is).